

Söluskattur 23,5% auk 19% verðjöfnunargjalds til Rafveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra sem um ræðir í I kafla gjaldskrár þessarar, nema á Taxta D—1.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 438/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 311 24. maí 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.

F.h.r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 1,89 á kwh

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkra-
húsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 1,51 á kwh

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 1,89 á kwh

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafflsmælingu, lág-
mark 20 kw kr. 0,56 á kwh
Aflgjald með lýsingu kr. 2 328,00 kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til
frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að
kaupa 20 000 kwst á ári hið minnsta, má selja
orkuna um kwst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun kr. 1,89 hverja kwh
Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun kr. 1,20 hverja kwh
Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun kr. 1,10 hverja kwh

4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag kr. 0,50 á kwh

4.2 Orka til hitunar í iðnaði, roftími 2 × 1,5 klst. á dag kr. 0,71 á kwh

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.

- c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

II. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagi.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa	kr. 6 541,00	372,00
63 A 3-fasa	kr. 6 541,00	372,00
100 A 3-fasa	kr. 8 819,00	423,00
125 A 3-fasa	kr. 10 854,00	478,00
200 A 3-fasa	kr. 14 303,00	647,00
300 A 3-fasa	kr. 24 789,00	760,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalldaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD.

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 62,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduroppnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 62,00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1982, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 438/1982 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 312 24. maí 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 18. ágúst 1982.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.